

## 10. kafli – Klæðnaður

Ég man aðeins eftir örfáum fataverslunum þegar ég var að alast upp á sjöunda og áttunda áratugnum í Reykjavík. *Vinnufatabúðin* var á sama stað og hún er núna, á Laugavegi 76. Þar keypti fólk vinnuföt; gallabuxur, vinnuskyrtur, búðarsloppa og margt annað. Þegar ég var tólf ára fékk ég fyrsta sumarkaupið mitt og fór í Vinnufatabúðina og keypti mér smekkbuxur. Mér fannst þær ótrúlega smart. Þá gat ég haft verkfæri hangandi í buxunum þegar ég var að smíða mér kofa með vinum mínum. Hversdags var ég í rauðum hnébuxum úr flaueli, rúllukragabol og lopapeysu, alltaf eins.

Ég man líka eftir fataversluninni *Verðlistinn* sem var á Laugalæk. Verslunin seldi kvenfatnað; síðkjóla, peysur, blússur og dragtir. Þar voru keypt á mig spariföt. Ég man eftir dressi, buxum og vesti, úr bláu og þéttu þrjónaefni. Vestið var með ljósbláu kögri og svo sítt að það náði niður á hné.

Þegar við systurnar fermdumst fengum við buxnadragtir úr grófriffluðu flaueli í Karnabæ í Austurstræti 22, flottustu tískuvöruverslun bæjarins á þeim tíma. Dragtin mín var drapplituð, buxurnar útvíðar og jakkinn stuttur. Undir jakkanum var ég í dökkbrúnni skyrtu og svo var ég í þykkbotna skóm eins og þá voru í tísku.

Verslunin Karnabær var fyrsta eiginlega tískuvöruverslunin á Íslandi. Lítil verslun með innfluttum tískufötum var opnuð 16. maí árið 1966 á horni Skólavörðustígs og Týsgötu. Fljótlega opnaði fyrirtækið fleiri verslanir sem seldu snyrtivörur, tískufatnað, skófatað og hljómplötur. Fimmtán árum síðar var Karnabær orðin tískuvörukeðja á Íslandi með 27 verslanir út um allt land og eigin saumastofu. Allir voru í fötum úr Karnabæ. Allir voru eins.

### Verkefni 10.1

1. Finndu samsett nafnorð yfir föt í textanum.
2. Finndu lýsingarorð sem notuð eru til að lýsa fötum og efnum í textanum.

---

---

---

---

### Að vera í...

Þegar fólki er lýst er oft sagt frá klæðnaði þess. Þá er oftast notað orðasambandið *að vera í einhverju*. Forsetningin *í* stjórnar í þessu tilviki þágufalli af því að setningin í heild lýsir kyrrstöðu.

Hann er í buxum (kvk.ft.þgf.); buxur → buxum  
Hún er í stuttermabol (kk.þgf.); stuttermabolur → stuttermabol  
Skotar eru stundum í pílsi (hk.þgf.); píls → pílsi  
Ég er í skóm (kk.ft.þgf.); skór → skóm

Það er líka hægt að lýsa klæðaburði fólk með sögninni *klæðast*. Fatnaðurinn er þá í þágufalli.

Hann klæðist gjarna gallabuxum og svörtum rúllukragabol.  
Hún klæðist alltaf mjög finum fötum.

Einnig er hægt að lýsa klæðaburði með *vera klæddur í*. Þá er hins vegar notað þolfall.

Strákurinn var klæddur í bláar gallabuxur og hvítan bol.  
Konan var klædd í grátt pils og ljósan jakka.

### Að vera með...

Fólk er ekki bara í fötum heldur líka oft *með eitthvað*, s.s. bindi, vettlinga, trefil og húfu. Í útlitslýsingum er oft nefnt að fólk sé *með gleraugu*. Forsetningin *með* stjórnar hér þolfalli.

Hann er með bindi (hk.þf.); bindi → bindi  
Hún er með eyrnalokka (kk.ft.þf.); eyrnalokkar → eyrnalokka  
Margir eru með gleraugu (hk.ft.þf.); gleraugu → gleraugu  
Ég er með trefil (kk.þf.); trefill → trefil

### Verkefni 10.2



Hvað er konan með? \_\_\_\_\_

Hvað er yngri karlinn með? \_\_\_\_\_

Hvað er eldri karlinn með? \_\_\_\_\_

Í hverju er stelpan? \_\_\_\_\_

Í hverju er strákurinn? \_\_\_\_\_



### Verkefni 10.3

Hvernig eru Stefán og Dís í vinnunni? Settu rétt orð í eyðurnar. Athugaðu að fötin eru alltaf í þágufalli á eftir *vera í* og fylgihlutirnir alltaf í þolfalli á eftir *vera með*.

Stefán og Dís eru alltaf í finum \_\_\_\_\_ í vinnunni af því að

þau vinna bæði í banka. Stefán er alltaf í dökkum \_\_\_\_\_ og

í hvítri \_\_\_\_\_. Hann er alltaf með \_\_\_\_\_

úr silki og með svört \_\_\_\_\_ . Venjulega er hann í  
 \_\_\_\_\_ og með \_\_\_\_\_ . Dís er  
 oftast í \_\_\_\_\_ , stuttu \_\_\_\_\_ , hvíttri  
 \_\_\_\_\_ og þröngum \_\_\_\_\_ . Hún er  
 alltaf í \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_ .

föt og fylgihlutir fyrir Stefán	föt og fylgihlutir fyrir Dísu
jakkaft-in (ft.)	dragt-in
skyrta	blússa
bindi	jakki
leðurskór-nir (ft.)	pils-ið
gullúr	nælonsokkabuxur-nar (ft.)
gleraugu (ft.)	háhælaðir skór

## Stofnsamsetning

Þegar fyrri liður samsetts orðs er stofn, eins og í orðunum *skófatnaður*, *tannbursti* og *gleraugu*, kallast samsetta orðið **stofnsamsetning**.

eintala			
nf.	<b>skó-r</b>	<b>tönn</b>	<b>gler</b>
þf.	<b>skó</b>	<b>tönn</b>	<b>gler</b>
þgf.	<b>skó</b>	<b>tönn</b>	<b>gler-i</b>
ef.	<b>skó-s</b>	<b>tann-ar</b>	<b>gler-s</b>
fleirtala			
nf.	<b>skó-r</b>	<b>tenn-ur</b>	<b>gler</b>
þf.	<b>skó</b>	<b>tenn-ur</b>	<b>gler</b>
þgf.	<b>skó-m</b>	<b>tönn-um</b>	<b>gler-jum</b>
ef.	<b>skó-a</b>	<b>tann-a</b>	<b>gler-ja</b>

Í töflunni er feitletraður hluti orðanna *skór*, *tönn* og *gler* stofninn, þ.e. *skó-*, *tönn-* (*tann*, *tenn-*) og *gler-*. Í orðinu *tönn* eru sérhljóðavíxl í stofni. Í sumum beygingarmyndum er sérhljóðið *-ö-*, í öðrum er sérhljóðið *-a-* og í enn öðrum er það *-e-*. Upprunalegt sérhljóð þessa stofns, *-a-*, sést í eignarfalli eintölu og eignarfalli fleirtölu.

## Eignarfallssamsetning eintölu

Þegar fyrri liður samsetts orðs er í eignarfalli eintölu, eins og í orðunum *lopapeysa*, *rúskinnskór* og *ullarföt*, kallast samsetta orðið **eignarfallssamsetning eintölu**.

eintala			
nf.	lop-i	rúskinn	ull
þf.	lop-a	rúskinn	ull
þgf.	lop-a	rúskinn-i	ull
ef.	<b>lop-a</b>	<b>rúskinn-s</b>	<b>ull-ar</b>

## Eignarfallssamsetning fleirtölu

Þegar fyrri liður samsetts orðs er í eignarfalli fleirtölu, eins og í orðunum *varalitur*, *fataskápur* og *eyrnalokkar*, kallast samsetta orðið **eignarfallssamsetning fleirtölu**.

fleirtala			
nf.	var-ir	föt	eyr-u
þf.	var-ir	föt	eyr-u
þgf.	vör-um	föt-um	eyr-um
ef.	<b>var-a</b>	<b>fat-a</b>	<b>eyr-na</b>

## Tengistafssamsetning

Stundum er stafur á milli orðanna sem er ekki beygingarending á fyrra orðinu, eins og í orðunum *leikfímishús*, *dótabúð*, *landareign* og *sippuband*. Þessi samsettu orð eru kölluð **tengistafssamsetningar** (eða bandstafssamsetningar). Í töflunni eru beygingar nafnorðanna *leikfími* og *land*. Kvenkynsorðið *leikfími* er aðeins til í eintölu og það er eins í öllum föllum. -s- í samsetningunni *leikfímishús* er því tengistafur en ekki beygingarending. Hvorugkynsorðið *land* beygist reglulega. Beygingarmyndin -ar kemur aldrei fyrir í beygingardæminu. Því telst *landareign* vera dæmi um tengistafssamsetningu.

eintala		
nf.	<b>leikfími</b>	<b>land</b>
þf.	<b>leikfími</b>	<b>land</b>
þgf.	<b>leikfími</b>	<b>land-i</b>
ef.	<b>leikfími</b>	<b>land-s</b>
fleirtala		
nf.		<b>lönd</b>
þf.		<b>lönd</b>
þgf.		<b>lönd-um</b>
ef.		<b>land-a</b>

## Verkefni 10.4

Myndaðu samsett orð úr nafnorðunum.

Efni	Hlutir	Samsett orð
leður	peysa	lopapeysa
tré	stígvél	
gúmmí	stóll	
silfur	poki	
plast	jakki	
gler	sokkar	
rúskinn	vasaklútur	
ál	skór	
bómull	bolur	
lopi	panna	
ull	vasi	
silki	hringur	

## Í kulda og frosti

Á veturna er nauðsynlegt að klæða sig vel á Íslandi. Það er gott að vera með hlýja vettlinga eða hanska á höndunum. Sumir eru með lopavettlinga, aðrir með fingravettlinga úr bómull eða ull og enn aðrir með leðurhanska. Það er líka gott að vera með eitthvað um hálsinn, trefil, klút, slæðu eða jafnvel sjal. Sumir eru alltaf með ullartrefil um hálsinn, aðrir eru ekki jafn kulvísir og láta sér nægja að vera með silkiklút eða silkislæðu um hálsinn. Það er líka ágætt að vera með ullarsjal og setja það yfir höfuðið í mesta kuldanum. En auðvitað er nauðsynlegast af öllu að vera með góðu húfu á höfðinu. Í mestu vindum og verstu óveðrum er ekki hægt að vera með hatt. Þá er best að vera með lambhúshettu sem skýlir líka andlitinu. Sumir eru reyndar bara með ennisband. Líklega eru flestir Íslendingar í dúnúlpum og kuldaskóm á veturna af því að það er svo kalt. Börn eru yfirleitt í samfestingum eða snjógalla og geta þá leikið sér í snjónum án þess að finna fyrir kulda. Og auðvitað eru allir í ullarsokkum og ullarnærfötum innan klæða. Í gamla daga voru nærbolir þrjónaðir úr eingirni og voru þeir kallaðir klukkur. Þá voru líka allir í síðum ullarnærbuxum sem voru kallaðar föðurland.

## Verkefni 10.5

Skóðuðu samsettu nafnorðin í textanum hér á undan. Gefðu eitt dæmi um hverja gerð samsetninga.

Stofnsamsetning: \_\_\_\_\_

Eignarfallssamsetning eintölu: \_\_\_\_\_

Eignarfallssamsetning fleirtölu: \_\_\_\_\_

## Að fara í...

Orðasambandið *að fara í eitthvað* lýsir hreyfingu. Forsetningin í stjórnar þolfalli í því tilviki.

Hann fer í buxurnar (kvk.ft.þf.); buxurnar → buxurnar  
Hún fer í stuttermabolinn (kk.þf.); stuttermabolurinn → stuttermabolinn  
Hann fer í peysuna (kvk.þf.); peysan → peysuna  
Ég fer í skóna (kk.ft.þf.); skórnir → skóna

## Að setja á sig...

Fólk fer ekki bara í föt heldur *setur líka eitthvað á sig*, s.s. bindi, vettlinga, trefil og húfu. Sagnorðið *setja* stjórnar hér þolfalli.

Hann setur á sig bindi (hk.þf.); bindi → bindi  
Hún setur á sig eyrnalokka (kk.ft.þf.); eyrnalokkar → eyrnalokka  
Ég set á mig gleraugu (hk.ft.þf.); gleraugu → gleraugu  
Ég set á mig trefil (kk.þf.); trefill → trefil

## Íþróttaföt

Þegar ég fer í ræktina fer ég alltaf í svört íþróttaföt. Oftast fer ég í íþróttabuxur og ermalausán bol og svarta íþróttaskó. Þegar ég fer út að hlaupa fer ég í gula hlaupaskó, hvíta íþróttasokka og svo fer ég auðvitað í hlaupagallann minn. Ég set alltaf á mig trefil og húfu svo að mér verði ekki of kalt. Stundum fer ég í sund á eftir og þá fer ég í sundbol. Svo set ég á mig sundhettu. Áður en ég fer ofan í sundlaugina set ég á mig froskalappir og sundgleraugu. Á eftir fer ég í heita pottinn í smástund.

## Verkefni 10.6

Á eftir orðasambandinu *að fara í* eru nafnliðirnir í þolfalli. Settu þá í þágufall.

ég fer í + þolfall

ég er í + þágufall

íþróttaföt

íþróttabuxur

ermalausán bol

svarta íþróttaskó

gula hlaupaskó

hvíta íþróttasokka

hlaupagallann \_\_\_\_\_

bláan sundbol \_\_\_\_\_

Á eftir orðasambandinu *að setja á sig* eru nafnorðin í þolfalli. Settu þau í nefnifall.

ég set á mig + þf.      nefnifall

trefil \_\_\_\_\_

húfu \_\_\_\_\_

sundhettu \_\_\_\_\_

froskalappir \_\_\_\_\_

sundgleraugu \_\_\_\_\_

### Að fara úr...

Þegar fólk kemur inn þarf það *að fara úr yfirhöfnunum*. Þegar það háttar sig á kvöldin þarf það *að fara úr fötunum* áður en það fer í náttfötin. Forsetningin *úr* stjórnar alltaf þágufalli.

Hann fer úr buxunum (kvk. ft. þgf.); buxurnar → buxunum

Hún fer úr bolnum (kk. þgf.); bolurinn → bolnum

Hann fer úr peysunni (kvk. þgf.); peysan → peysunni

Ég fer úr skónum (kk. ft. þgf.); skórnir → skónum

### Að taka af sér...

Fólk þarf líka *að taka fylgihluti af sér*. Sagnorðið *taka* stjórnar hér þolfalli.

Hann tekur af sér bindi (hk. þf.); bindi → bindi

Hún tekur af sér eyrnalokka (kk. ft. þf.); eyrnalokkar → eyrnalokka

Ég tek af mér gleraugu (hk. ft. þf.); gleraugu → gleraugu

Ég tek af mér trefil (kk. þf.); trefill → trefil

## Verkefni 10.7

Skoðaðu eftirfarandi setningar. Í hvaða falli eru undirstrikuðu nafnliðirnir?

Gamla konan er með hatt, regnhlíf, gleraugu og hund. \_\_\_\_\_

Maðurinn er í jakka, buxum, skyrtu og stígvélum. \_\_\_\_\_

Ég set á mig eyrnalokka og hálsfesti.

Ég fer úr skónum áður en ég geng inn.

Ég tek af mér trefilinn og húfuna þegar ég kem inn.

Maðurinn er í jakka, buxum, skyrtu og stígvélum.

Maðurinn fer úr jakkanum, buxunum, skyrtunni og stígvélunum.

## Verkefni 10.8

Lýstu fólkinu á myndunum.



Konan \_\_\_\_\_

Karlinn \_\_\_\_\_



Önnur stelpan \_\_\_\_\_

Hin stelpan \_\_\_\_\_

Strákurinn \_\_\_\_\_





---

---

## Verkefni 10.10

Hvað er hægt að kaupa í þessum verslunum?

Í bakaríum kaupir maður \_\_\_\_\_

Í bókabúðum er hægt að fá \_\_\_\_\_

Í fataverslunum fást \_\_\_\_\_

Í gjafavöruverslunum \_\_\_\_\_

Í gleraugnaverslunum \_\_\_\_\_

Í gæludýrabúðum \_\_\_\_\_

Í húsgagnaverslunum \_\_\_\_\_

Í leikfangaverslunum \_\_\_\_\_

Í lyfjabúðum \_\_\_\_\_

Í matvöruverslunum \_\_\_\_\_

Í skóbúðum \_\_\_\_\_

Í snyrtivöruverslunum \_\_\_\_\_

Í sjoppum \_\_\_\_\_

## Orðalistar

*Að vera í (+þgf.), að fara í (+þf.) og að fara úr (+þgf.)*

Skófatnaður	föt	Yfirhafnir
gúmmístígvél-in (ft.)	blússa	anorakkur
skór-nir (ft.)	bolur	frakki
gönguskór	buxur-nar (ft.)	kápa
háhælaðir skór	gallabuxur	pels-inn
inniskór	jakkaftöt-in (ft.)	regnkápa
íþróttaskór	jakki	úlpa
kuldaskór	kjöll-inn	yfirhöfn-in
spariskór	peysa	
strigaskór leðurstígvél-in (ft.)	pils	
stígvél-in (ft.)	samfestingur	
	skyrta	

	sokkabuxur sokkur stuttbuxur dragt	
--	---	--

*Að vera í (+þgf.), að fara í (+þf.) og að fara úr (+þgf.)*

Nærföt	Náttföt	Sundföt
nærföt (ft.) brjóstahaldari nærbolur nærbuxur	náttbuxur náttföt (ft.) náttkjöll-inn náttslóppur náttreyja	sundbolur sundföt (ft.) sundhetta sundskýla

*Að vera með (+þf.), að setja á sig (+þf.) og að taka af sér (+þf.)*

Ýmis útiföt	Ýmsir fylgihlutir	Skartgripir
hanski hattur húfa klútur sjal slæða trefill-inn vettlingur	axlabönd-in (ft.) belti-ð bindi-ð gleraugu smekkur svunta vasaklútur (þver)slaufa	armband eyrnalokkur hálsfesti-n hálsmen hringur næla skartgripur úr

*Að vera með (+þf.), að taka með sér (+þf.)*

budda, bursti, greiða, poki, regnhlíf-in, taska, veski-ð

*Hluti af fötum og skóm*

ermi-n ermi á jakka, ermi á skyrtu, ermi á blússu  
hnappur hnappar á peysum  
hæll-inn hæll á skóm, háir hælar, lágir hælar  
kragi kragi á skyrtu, rúllukragi á peysu, blúndukragi á kjól  
reim-in reimar á skóm, skóreimar  
rennilás-inn rennilás á úlpu  
sóli sóli undir skóm og stígvélum  
tala tölur á skyrtu  
vasi vasi á úlpu, rassvasi á gallabuxum; úlpuvasi, jakkavasi, buxnavasi